

# Þægileg spennna

## BÆKUR VIKUNNAR KOLBRÚN BERGÞÓRSÐÓTTIR



Vinsældir Agöthu Christie eru óumdeildar en endalaust er deilt um gæðin. Það er reyndar alveg sama hversu mjög gagnrýnendur höfundarins nöldra um gamaldags hugmyndaheim glæpasagnadrottningarinnar, kvartanir þeirra hreyfa ekki við hinum stóra lesendahópi sem vill bara fá hefðbundna morðgátu snyrtilega fram setta með sæmilega óvæntri lausn.

### Makleg málagjöld

Bókafélagið Ugla gefur út fyrir þessi jól tvær bækur Agöthu Christie, Spilin á borðið og Stefnunót við dauðann. Bæurnar eiga það sameiginlegt að belgíski leynilögreglumadurinn Hercule Poirot leysir flókna morðgátu. Í báðum sögunum er sá sem myrtur er sérlega ógeðfellt manneskja sem hefur óeðlilegt vald yfir öðrum. Enginn sér eftir henni í dauðann og margir liggja undir grun. Eiginlega mætti af nokkru kaldlyndi segja að hinn myrti hafi hlotið makleg málagjöld. Slík staðhæfing á samt ekki alveg við í sögum Agöthu Christie því hún er merkilega móralskur höfundur sem brýnir iðulega fyrir lesendum í gegnum Hercule Poirot að morð leysi engan vanda. „Ég hef smáborgaralegt viðhorf til morða. Eg hef vanþóknun á þeim,“ segir hann og ítrekar jafnframt að sá sem

myrðir einu sinni sé afar líklegur til að myrða aftur. Seinni staðhæfingin reynist oft rétt og því eru yfirleitt fleiri en eitt morð í sögum Christie.

### Leitin að hinum seka

Christie er fræg fyrir að láta morð eiga sér stað í afmörkuðu rými þar sem nokkrar persónur eru saman komnar og ljóst er að ein þeirra er morðinginn – stundum hafa reyndar fleiri en ein persóna lagt á ráðin um morð. Spenna sögunnar felst í því hver þessara persóna sé hinn seki. Þarna reynir á hugarfimi lesandans og er það örugglega enn einn þátturinn í vinsældum Christie. Lesandinn er meðan hann les að raða saman þúsluspi eða leysa krossgátu, uppgötvar eigin lausn og bíður spennur í sögulok hvort hann hafi gengið í takt við höfundinn.

Í Spilin á borðið eru fjórar manneskjur sem setið hafa við spilaborð undir smásjá Poirot því ljóst er að ein þeirra hefur myrt gestgjafann. Í Stefnunóti við dauðann liggur heil fjölskylda og nokkrir vandalausir undir grun um að hafa myrt drottunargjarna eldri konu sem var vel á veg komin með að eyðileggja líf barna sinna. Christie tekst ágætlega að koma lesandanum á óvart í báðum bókum því lausnin liggur ekki í augum uppi.



**Christie**  
Hinn myrti hlýtur venjulega fremur „þægilegan“ dauðdaga hjá Christie því hún er ekki mikið fyrir að velta sér upp úr ofbeldi.



### Hinn einstaki Poirot

Hercule Poirot er sennilega best heppnaða persónusköpun Agöthu Christie. Þessi hégómlegi og yfirlátisfulli Belgi með eggлага höfuðið og volduga yfirvaraskeggið hefur skarpa sýn á mannlegt eðli. Hann heldur því til dæmis fram að það sé auðveldara fyrir fólk að segja sannleikann en að ljúga. Það reyni nefnilega minna á hugarflugnið að segja sannleikann og þess vegna geti menn ekki logið stanslaust. Vangaeltur Poirot um mannlega veikleika eru einn áhugaverðasti þátturinn í sögum Christie, oft minnisstæðari en hagnanleg morðgátan.

### Stendur fyrir sínu

Christie skrifar einfaldan stíl, reyndar svo einfaldan að margir hafa náð fyrstu tókum sínum á ensku af lestri bóka hennar. Hinn myrti hlýtur venjulega fremur „þægilegan“

dauðdaga því Christie er ekki mikið fyrir að velta sér upp úr ofbeldi. Ástin kemur nær alltaf við sögu í bókum hennar, hún hefur greinilega andstyggð á framhjáhöldum sem hún telur ekki leiða til góðs og telur ástríður hættulegar því þær geti leitt manneskjur á hættulega braut.

Í bókum sínum skapar hún gamaldags, þægilegan heim sem raskar ekki ró nokkurs manns. Lesendur vita í upphafi nokkurn veginn hvað bíður þeirra: Morð, rannsókn og óvænt endalok. Samsagt prýðisgóð afþreying.